

Hólar

Hólar eru þekktur sögustaður á Íslandi. Þegar Íslendingar voru kaþólskir (fyrir 1550) voru tveir biskupar í landinu og annar biskupinn sat á Hólum. Á Hólum hefur verið skóli í margar aldir og þar stóð lengi ein stærsta kirkja á Norðurlöndum.

Á Hólum hafa fundist minjar í jörðu og á hverju sumri koma fornleifafræðingar frá ýmsum löndum til þess að stunda þar rannsóknir. Á Þjóðminjasafni Íslands eru líka varðveittir margir munir frá Hólum.

Á miðöldum (um 1200) var líklega um 200 til 300 manna þorp á Hólum en það var mjög stórt þorp á þeim tíma. Nú er ekkert þorp lengur á Hólum en þar búa venjulega 40–50 manns, oft er þó fleira fólk þar við nám og störf.

Flest þorp á Íslandi eru úti við sjó en Hólar eru inni í dal sem heitir Hjaltadalur. En ekki langt frá Hólum var höfn og þar komu skip með vörur að landi. Hestar voru þá notaðir til að flytja vörur og vegurinn lá í gegnum hlaðið á Hólum.

Á sextánda og sautjándu öld var prentsmiðja á Hólum. Guðbrandur Þorláksson biskup lét prenta um það bil 100 bækur. Hann lét prenta Biblíuna á íslensku árið 1584, hún var kölluð Guðbrandsbiblía. Það skipti miklu máli fyrir varðveislu íslenskrar tungu að Biblían var þýdd og prentuð svo snemma á íslensku.

Fyrst var Hólaskóli prestaskóli en á 19. öld varð skólinn landbúnaðarskóli. Núna eru þrjár deildir í skólanum á Hólum: ferðamáladeild, fiskeldis- og fiskalíffræðideild og hrossaræktardeild en hrossaræktardeildin er stærst. Hólaskóli er nú háskóli og er í samstarfi við aðra háskóla á Íslandi og erlendis. Íslenski hesturinn sem áður fór í stórum hópum um hlaðið á Hólum sem vinnudýr er nú kjarni skólastarfsins.